

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 29/2000  
frá 31. mars 2000

### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2000 frá 4. febrúar 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/535/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir landstöðvakerfið fyrir flugfjarskipti (TFTS-kerfið)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/497/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) — DECT/GSM samsettan endabúnað<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/498/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir búnað fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) sem tengist stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu) (2. útgáfa)<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 251, 11.9.1998, bls. 36.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 58.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. EB L 192, 24.7.1999, bls. 60.

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 4zzd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/310/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zze. **398 D 0535:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/535/EB frá 3. september 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir landstöðvakerfið fyrir flugfjarskipti (TFTS-kerfið) (Stjtið. EB L 251, 11.9.1998, bls. 36).

4zzf. **399 D 0497:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/497/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) — DECT/GSM samsettan endabúnað (Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 58).

4zzg. **399 D 0498:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/498/EB frá 7. júlí 1999 um sameiginlega tækniforskrift fyrir búnað fyrir aukin stafræn þráðlaus fjarskipti (DECT) sem tengist stafræna samþætta þjónustunetinu (ISDN-samnetinu) (2. útgáfa) (Stjtið. EB L 192, 24.7.1999, bls. 60).“

2. gr.

Texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 98/535/EB, 1999/497/EB og 1999/498/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*  
*Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*                      *E. Gerner*

